

Reglur um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efnafræðilegra skaðvalda á vinnustöðum

nr. 765/2001

Í reglunum er m.a. fjallað um:

■ Skyldur atvinnurekanda varðandi

- áhættumat
- forvarnir gegn mengun
- verklagsreglur fyrir hvert efni
- upplýsingar til starfsmanna o.fl.
- þjálfun starfsmanna
- heilsuvernd starfsmanna
- ráðstafanir vegna mengunar, slysa eða óhappa

■ Geymslu efna

■ Umbúðir og merkingar

Reglunum fylgja þrjú viðaukar:

- I. Skrá yfir bindandi mengunarmörk
- II. Bindandi líffræðileg mengunarmörk og heilsuvernd
- III. Bönn

Reglur um

öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum

nr. 602/1999

Reglurnar gilda um tiltekin varasöm efni og vörutegundir sem notaðar eru við atvinnurekstur.

Sá sem afhendir varasöm efni eða vörutegundir, sem falla undir reglurnar, hvort sem það er framleiðandi, innflytjandi, seljandi eða dreifingaraðili, skal sjá viðtakanda fyrir

öryggisleiðbeiningum.

Þetta á þó ekki við um sölu í verslunum fyrir almenning nema nota eigi efnið eða vöruna við atvinnurekstur og viðkomandi fari fram á að fá öryggisleiðbeiningar.

Öryggisleiðbeiningar skulu vera á íslensku og afhendast viðtakanda að kostnaðarlausu.

Reglunum fylgja leiðbeiningar um gerð öryggisleiðbeininga.

Í verklagsreglum fyrir hvern efnafræðilegan skaðvald á vinnustöðum eiga eftirfarandi upplýsingar að koma fram eftir því sem við á:

- Verslunarheiti efnisins
- Notkunarvið á vinnustaðnum
- Takmarkanir á notkun
- Kröfur um sérstaka menntun eða þjálfun þeirra sem vinna með efnið
- Heilsufarsleg áhrif, þar með talin ein-kenni við inntöku og vegna mengunar
- Vinnureglur við meðhöndlun efnisins
- Upplýsingar um skyndihjálp
- Eiginleikar við upphitun og bruna
- Viðbrögð við bruna og óhöppum t.d. ef efnið hellist niður
- Öryggisreglur um geymslu efnisins
- Merkingar



Sterkt eitur



Ætandi

Dæmi um merkingu umbúða

Kynnið ykkur reglurnar! Þær má fá á heimasíðu Vinnueftirlitsins.



VINNUEFTIRLITID

Bíldshöfði 16, 110 Reykjavík, sími 550 4600, fax 550 4610
Netfang: vinnueftirlit@ver.is Heimasíða: www.vinnueftirlit.is

